

Þriðjudaginn 13. júní 1989.

Nr. 245/1987. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf.

(Jón G. Briem hdl.).

Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1987. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að staðfest verði, að sér sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötl II, GK 197, er gerðar voru í samræmi við samning aðila 11. júlí 1983. Til vara krefst hann þess, að meðferð málsins fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur frá og með munnlegum flutningi þess 30. júní 1987 verði ómerkt og málinu vísað að nýju heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, þ.e., að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

I.

Kröfugerð áfrýjanda hér fyrir dómi er áfátt, þar sem eðli máls samkvæmt ber að taka kröfu um ómerkingu og frávísun til meðferðar á undan kröfu um efni máls.

II.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Þegar af þeirri ástæðu kemur krafa hans um frávísun frá héraðsdómi ekki til afgreiðslu.

III.

Í kröfugerð áfrýjanda felst, sbr. dóm Hæstaréttar 20. maí 1987, að honum verði dæmt óskýlt að hlíta gerðardómi frá 12. febrúar 1985. Í hinum áfrýjaða dómi er tekin afstaða til þessa í ljósi rökstuðnings áfrýjanda. Verður ekki fallist á, að meðferð eða niðurstaða héraðsdómarans leiði til ómerkingar og heimvísunar málsins.

IV.

Fallist er á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þau álitafæni, sem varða skipan gerðardóms í máli aðilanna.

Verksamningur aðila frá 11. júlí 1983 ásamt yfirlýsingu þeirra 30. desember s.á. var hinn efnislegi grundvöllur, sem gerðardóminum bar að reisa úrlausn sína á. Greind yfirlýsing haggði ekki því ákvæði 9. gr. verksamningsins, að gerðardómur skyldi skera úr ágreiningi, sem rísa kynni vegna samningsins.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um gildi ofangreinds gerðardóms og réttaráhrif hans. Verður því hafnað þeirri kröfu áfrýjanda, að honum verði dæmt óskýlt að hlíta gerðardómnum.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi skal greiða stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu áfrýjanda, Skipasmiðjunnar Harðar hf., að honum verði dæmt óskýlt að hlíta gerðardómi frá 12. febrúar 1985 í máli hans og stefnda, Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Guðrúnar Erlendsdóttur.**

Við erum samþykkt því, sem segir í I., II. og III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Þá föllumst við einnig á niðurstöðu hins

áfrýjaða dóms um þau álítaefni, sem varða skipan gerðardóms í máli aðila.

Í héraðsdómi er lýst verksamningi aðila frá 11. júlí 1983. Í 9. gr. samningsins var ákvæði þess efnis, að ágreiningur milli aðila vegna samningsins skyldi leystur fyrir gerðardómi, og í 7. gr. var kveðið á um dagsektir, sem áfrýjandi skyldi greiða, ef seinkun yrði á afhendingu skipsins af hans völdum. Skipið skyldi afhent fullfrágengið 16. desember 1983. Fjórtán dögum síðar, 30. desember 1983, undirrituðu aðilar yfirlýsingu, þar sem segir m.a.: „Einnig eru aðilar sammála um, að áður nefndur verksamningur gildi við endanlegt uppgjör og ákvæði hans um verklok og féviti verði tekin til athugunar, áður en breytingu skipsins lýkur, enda falli niður tilkynningar skylda verksala um tafir á verkinu og orsakir þeirra. Báðum aðilum er ljóst, að tafir eru óhjákvæmilegar.“

Við teljum, að framangreind yfirlýsing aðila valdi því, að samningur þeirra frá 11. júlí 1983 sé svo óljós um verklok og féviti, að hann sé alls ófullnægjandi grundvöllur fyrir gerðardómsmeðferð máls þessa. Samkvæmt þessu teljum við, að áfrýjanda sé óskýlt að hlíta gerðardómi þeim, sem upp var kveðinn 12. febrúar 1985.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 20. júlí 1987.

I.

Mál þetta (aðalsök) var þingfest 10. apríl 1985, og var þingið sótt af hálfu stefnda án undanfarandi stefnubirtingar. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 15. janúar 1987 og frávísunardómur upp kveðinn 3. febrúar s.á. Dómurinn var kærður til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 20. maí 1987. Málið var dómtekið að nýju að loknum munnlegum flutningi þess 30. júní sl.

Stefnandi er Skipasmiðjan Hörður hf., nnr. 4459-3408, Fitjabraut 3, Njarðvík. Hann krefst þess, að staðfest verði, að sér sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötl II, GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila, dags. 11. júlí 1983. Hann krefst einnig málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi er Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., nnr. 4295-7844, Grindavík, sem krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Breytt og aukin kröfugerð stefnda, sem fram var sett við síðari málflutning, er of seint fram komin og kemst ekki að gegn mótmælum stefnanda.

Hinn 3. nóvember 1985 höfðaði stefndi gagnsök til greiðslu kr. 270.055,00 auk vaxta og málskostnaðar vegna flutnings gerðardómsmáls aðila máls þessa. Gagnstefndi krafðist sýknu. Hinn 20. nóvember 1985 höfðaði stefnandi framhaldssök til greiðslu eftirstöðva kostnaðar við framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlum II, GK-197, 2.360.936,00 kr., auk vaxta og málskostnaðar. Stefndi gerði kröfu um sýknu. Hinn 17. apríl 1986 var ákveðið með samkomulagi aðila, að gagnsök og framhaldssök yrðu fluttar hvor í máli sér, er endanlegar lyktir hefðu orðið í aðalsök.

Hinn 8. maí 1985 höfðaði stefndi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Útvegsbanka Íslands til greiðslu 3.531.377,00 kr., auk vaxta og málskostnaðar vegna ábyrgðaryfirlýsingar um greiðslu dagsekta, sem um ræðir í máli þessu, samkvæmt ákvörðun gerðardóms. Úrskurður í því máli var kærður, og varð niðurstaða Hæstaréttar hinn 17. apríl 1986 þessi: „Samkvæmt þessu hefur með sérstöku dómsmáli verið gerð krafa um, að Skipasmiðjunni Herði hf., sem varnaraðili er í ábyrgð fyrir, sé óskyld að hlíta gerðardóminum, sem um ræðir hér að framan. Varða úrslitin verulega mál það, sem hér um er fjallað. Þykir því eftir 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 mega staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara að fresta meðferð þessa máls. Dómsorð: Ákvörðun héraðsdómara um að fresta meðferð málsins nr. 2173/1985 á bæjarþingi Reykjavíkur á að vera óröskuð.“

Skýrslur fyrir dóminum gáfu Ólafur Hörður Sigtryggsson, Álftárósi, Mýrasýslu, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, Guðmundur Guðmundsson, Baðsvöllum 2, Grindavík, framkvæmdastjóri stefnda, og vitnið Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, Árbæjarbletti 4, Reykjavík.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

II.

Með samningi, dags. 11. júlí 1983, tók stefnandi að sér að breyta ms. Þórkötlum II, GK-197, eign stefnda. Fyrir verkið átti stefndi að greiða 14.781.420,00 kr. Samningsverð var miðað við verðlag á vinnu og efni 8. júlí 1983. Það var háð breytingum á gengi Bandaríkjadals og jafngilti þá U.S. \$ 535.752,80. Heildarniðurstöðutala af viðskiptunum varð 17.131.967,00 kr. Meðal samningsákvæða um fjármögnun verksins var, að stefndi skyldi greiða eigið framlag, þ.e. 10% af heildarsamningi, samkvæmt nánara samkomulagi, en þó eigi síðar en 16. október 1983. Stefnandi kveður stefnda hafa lokið greiðslu eiginfjárframlags síns 16. desember 1983, en samkvæmt yfirliti hans um greiðslustöðu verksins hafði stefndi greitt 1.146.967,00 kr. inn á verkið 16. október 1983 og 1.339.941,00 kr. 21. desember s.á.

Verksamningur kvað á um að stefnandi skyldi afhenda skipið fullfrágengið að breytingum loknum 16. desember 1983. Tafir urðu á verkinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það hafi enn ekki verið hafið 16. september 1983. Samkvæmt mati Fiskveiðasjóðs hafði verið unnið fyrir 9.800.000,00 kr. 5. desember 1983. Stefnandi sendi stefnda skeyti 22. maí 1984, þar sem tilkynnt var, að skipið væri tilbúið til afhendingar. Hinn 26. júní 1984 gerðu málsaðilar með sér samkomulag um uppgjör vegna verksins að undanskildum hugsanlegum dagsektum. Stefndi skuldbatt sig m.a. til að greiða viðbótarkostnað (hafnargjöld o.fl.) vegna skipsins til 26. júní 1984. Haffærissskírteini vegna ms. Þórkötlur var gefið út 29. júní 1984, og fékk stefndi þá vörslu skipsins.

Í 7. gr. verksamnings aðila er ákvæði þess efnis, að stefnandi greiði stefnda jafnvirði 500 Bandaríkjadala fyrir hvern almanaksdag vegna seinkunar á afhendingu skipsins af hans völdum. Í sameiginlegri yfirlýsingu málsaðila, dags. 30. desember 1983, segir svo: „Einnig eru aðilar sammála um, að áður nefndur verksamningur gildi við endanlegt uppgjör og ákvæði hans um verklok og féviti verði tekin til athugunar, áður en breytingu skipsins lýkur, enda falli tilkynningarskylda verksala um tafir á verkinu og orsakir þeirra niður. Báðum aðilum er ljóst, að tafir eru óhjákvæmilegar.“ Hinn 2. mars 1984 gerði stefndi stefnanda tilboð um að falla frá dagsektum frá 16. desember 1983 til 20. janúar 1984, ef skipið yrði afhent fyrir 16. mars s.á. Stefnandi svaraði tilboðinu með símskeyti 7. mars 1984 og mótmælti kröfum um dagsektir með vísan til fyrrgreindrar yfirlýsingar.

Í 9. gr. verksamningsins er svohljóðandi ákvæði um lausn ágreinings: „Verði meiningarmunur milli aðila vegna samningsins, skal hann leystur fyrir gerðardómi, sem aðilar kalla saman á eftirfarandi hátt:

Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðili skipa einn mann í dóminn innan 8 daga, frá því er beiðni kemur fram um skipan gerðardómsins frá hinum aðilanum. Gerðardómsmennirnir skulu tilnefna oddamann, sem hefur sérþekkingu í smíði stálskipa, og skal hann vera formaður dómsins. Komi þeir sér ekki saman um oddamann, skal hann tilnefndur af sýslumanni Gullbringusýslu.

Úrskurður gerðardómsins er endanlegur, og skuldbinda aðilar sig til að hlíta honum. Ef annar aðilinn lætur hjá liða að skipa mann í dóminn innan tilskilins frests (8 daga) af sinni hálfu, skal hinn aðilinn tilnefna báða mennina, fulltrúa beggja aðila.

Óskir um skipan gerðardóms skulu gerðar á sannanlegan hátt. Í niðurstöðum gerðardóms skal kveðið á um kostnað við störf dómsins og hver greiða skuli.“

Að beiðni lögmanns stefnda skipaði sýslumaðurinn í Gullbringusýslu 12. september 1984 oddamann í gerðardóm vegna ágreinings aðila um dagsektir. Áður höfðu verið tilnefndir í dóminn af hálfu stefnda Jónas Haraldsson lögfræðingur (skrifstofustjóri LÍÚ) og af hálfu stefnanda Kristinn Sig-

tryggsson, löggiltur endurskoðandi (bróðir Ólafs Harðar Sigtryggssonar). Samkomulag hafði orðið með aðilum um að víkja frá gerðardómsákvæði verksamnings um sérþekkingu oddamanns, enda yrði Valtýr Sigurðsson héraðsdómari eða Þorgeir Örlygsson borgardómari tilnefndur. Varð Valtýr fyrir valinu.

Í öðru þinghaldi gerðardómsins 21. október 1983 lagði Kristinn Sigtryggsson fram bókun um, að það væri utan verksviðs dómsins að fjalla um dagsektir, þar sem dagsektarákvæði verksamnings hefði verið fellt niður með samkomulagi málsaðila 30. desember 1983. Í næsta þinghaldi gerði lögmaður stefnda kröfu um, að Kristinn Sigtryggsson viki sæti í dóminum. Kröfunni var mótmælt af hálfu stefnanda. Niðurstaða meiri hluta gerðardómsins, þeirra Valtýs Sigurðssonar og Jónasar Haraldssonar, varð sú í úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1984, að það væri ekki utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um hæfnisatriði einstakra dómenda og að Kristni Sigtryggssyni bæri að víkja sæti. Eftir þessa niðurstöðu var lýst yfir þeirri afstöðu stefnanda, að hann teldi störf gerðardómsins óréttmæt og án allrar ábyrgðar fyrir sig, enda myndi hann ekki eiga frekari aðild að rekstri málsins. Áður höfðu málsaðilar lagt fram greinargerðir. Þorgeir Örlygsson tók sæti í dóminum 14. desember 1984. Hann var tilnefndur af stefnda. Stefnandi tók ekki frekari þátt í störfum dómsins, þótt hann væri boðaður til þinghalds.

Gerðardómur var upp kveðinn 12. febrúar 1985. Gerðarorð: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., Grindavík, 2.941.960,00 kr. ásamt 19% ársvöxtum frá 20.6.1984 til greiðsludags. Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, 228.000,00 kr.“

III.

Rök stefnanda fyrir því, að honum beri ekki að greiða dagsektir í samræmi við gerðardóminn, eru tvíþætt. Lýtur annar þátturinn að því, að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki skylt að greiða dagsektir, en til vara ekki eins háar og kveðið var á um. Hinn þátturinn lýtur að því, að gerðardómurinn hafi farið gróflega út fyrir verksvið sitt, þegar hann vék einum dómendanna úr dóminum, og hafi hann verið óstarfhæfur eftir það, þar sem ekki hafi verið valin sú leið að skipa að nýju oddamann, sérfróðan um smíði stálskipa, — einnig að það hafi verið utan verksviðs dómsins að fjalla um dagsektir, þar sem ákvæðum, sem tengdust þeim, hafi verið breytt með samkomulagi aðila 30. desember 1983.

Af hálfu stefnanda er sérstaklega bent á, að tilnefning oddamanns í gerðardóminn í september 1984 hafi verið byggð á munnlegu samkomulagi, sem hafi af hálfu stefnanda verið reist á þeirri forsendu m.a., að Kristinn

Sigtryggsson yrði einn gerðardómsmanna. Er af stefnanda talið, að heimildir gerðardóms til starfa þurfi að vera ótvíræðar og hið sama um verksvið, svo að bindandi sé fyrir aðila. Vafa, t.d. um verksvið gerðardóms, beri að skýra þeim í óhag, sem reisa vilji kröfur á niðurstöðu dómsins. Einnig telur stefnandi, að forsendur dóms um dagsektir þurfi að vera mjög ljósar og ótvíræðar og ekki megi vera vafi um upphafstíma þeirra. Telur stefnandi vera ótvírætt, að stefndi, sem brugðist hafi í því að greiða eiginfjárframlag sitt á réttum tíma, þ.e. 15. desember 1983 í stað 16. október s.á., geti ekki túlkað svo samkomulagið frá 30. desember 1983, sem gert hafi verið fjórtán dögum eftir upphaflega um saminn afhendingardag skipsins, að hann eigi rétt á dagsektum frá 16. desember 1983. Hafi stefndi viljað halda fast við rétt sinn samkvæmt verksamningnum til dagsekta frá 16. desember 1983, hefði honum borið að láta þess getið sérstaklega í stað þess að samþykka, að ákvæði um verklok og féviti yrðu tekin til athugunar, eins og greinir í samkomulaginu frá 30. desember 1983.

Sýknukrafa stefnda er annars vegar reist á því, að héraðsdómur geti ekki fjallað um efnisatriðið, hvort greiða eigi dagsektir eða ekki, þar sem aðilar hafi með verksamningi, dags. 11. júlí 1983, samið um, að gerðardómur fjallaði um slíkt. Hins vegar er krafan á því byggð, að niðurstaða gerðardóms sé rétt að formi og efni. Gerðardómurinn hafi í einu og öllu farið eftir meginreglum einkamálalaganna, sem eigi við um gerðardómsmál.

IV.

Óhjákvæmilegt þykir samhengis vegna, að hér séu tilgreind annars vegar rök héraðsdómara í dómi, upp kveðnum 3. febrúar 1987, fyrir því, að vísa bæri málinu frá dómi (A), og hins vegar rök Hæstaréttar í dómi, upp kveðnum 20. maí s.á., fyrir því, að ógilda bæri héraðsdóminn (B).

A. „Það er regla íslensks réttar, studd ríkri dómvenju, að dómstólum beri að virða niðurstöður gerðardóma, sem heimild eiga í lögum eða gildum samningum, þegar fylgt hefur verið í meginatriðum almennum reglum um hæfi dómenda, meðferð mála og rökstuðning dóma eða/og þeim sérstöku reglum, sem hverju sinni kunna að vera lög- eða samningsbundnar.

Stefnandi átti þann kost einan, er hann vildi ekki una niðurstöðu gerðardóms og kaus að eiga frumkvæði að prófun hans fyrir dómstóli, að krefjast ógildingar úrlausnarinnar.

Dómkrafa stefnanda verður ekki skýrð andstætt skýrri og ótvíræðri orðanna hljóðan, þótt önnur meginmálsástæða hans miði að ógildingu gerðardómsins.

Dómurinn gæti ekki tekið dómkröfu stefnanda til greina, jafnvel þótt hann féllist á greinda málsástæðu, þegar af þeirri ástæðu, að með því væri fengin efnisniðurstaða, sem girti fyrir, að ágreiningsefni málsaðila yrði lagt

í gerð að nýju, en ógildi gerðardómsákvæðis verksamnings aðila hefur ekki verið haldið fram. Það er enn fremur til marks um óhæfilega kröfugerð, að yrði fallist á sýknukröfu stefnda, leiddi það til ótækrar niðurstöðu málsins, þar sem í því fælist það eitt, að stefnanda bæri að greiða einhverjar dagsektir, en ekki þær hinar sömu og gerðardómur kvað á um.“

B. „Dómkröfur sóknaraðila fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur í málinu nr. 412/1985 eru þær, að staðfest verði, að honum sé ekki skylt að greiða varnaraðila dagsektir vegna tafa, sem urðu á framkvæmd breytinga á ms. Þórkötlum II, GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila 11. júlí 1983. Verður að skilja kröfugerð sóknaraðila svo, að honum verði dæmt óskýlt að hlíta gerðardómi þeim, sem upp var kveðinn 12. febrúar 1985 og kveðið var á um í fyrrgreindum samningi aðila. Ekki er unnt að leggja dóm á kröfu þessa án þess að taka afstöðu til gildis gerðardómsins. Kröfu sína reisir sóknaraðili á þeim rökum, að gerðardómurinn hafi eigi verið rétt skipaður, eftir að einum gerðardómenda hafði verið vikið úr dóminum, og í annan stað, að ákvæðum um dagsektir í samkomulagi aðila 11. júlí 1983 hafi verið breytt með síðara samkomulagi þeirra 30. desember 1983.

Telja verður, að sóknaraðili eigi rétt á að leggja gildi gerðardómsins fyrir dómstóla með þessum hætti, og ber því að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.“

V.

Um forsendur dóms þessa vísar dómariinn til upphafsmálgreinar tilvitnaðra orða í IV. kafla. („Það er regla íslensks réttar, ..., sem hverju sinni kunna að vera lög- eða samningsbundnar“), en lagt verður til grundvallar, að eigi beri að skilja dóm Hæstaréttar þannig, að rangt sé það, sem þar stendur.

Ekki er fallist á, að það hafi verið utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um dagsektir. Með samkomulagi aðila 30. desember 1983 var dagsektarákvæði verksamnings ekki fellt niður eða því breytt, heldur aðeins lýst yfir, að það skyldi tekið til athugunar. Hvorugur aðila gerði reka að því, að slík athugun eða endurskoðun færi fram.

Samkomulag aðila um val formanns gerðardóms var ekki skilyrðum bundið af hálfu stefnanda umfram það, hvaða lögfræðingur skipaði sætið, og mátti ekki vera ljóst, að forsenda hans væri, að Kristinn Sigtryggsson yrði einn dómenda.

Gerðardómendur þykja eiga að fullnægja almennum persónulegum dómarskilyrðum samkvæmt 1., 3. og 4. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936 og sérstökum dómarskilyrðum samkvæmt 36. gr. sömu laga.

Kristinn Sigtryggsson var vanhæfur til setu í gerðardóminum, sbr. 3. og

7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Gerðardóminum, eða meiri hluta hans var rétt, sbr. 37. gr. sömu laga, að úrskurða um það, en að úrskurðinum upp kveðnum var aðstaða stefnanda slík sem hann hefði enn eigi tilnefnt gerðardómanda. Í samræmi við gerðardómssamninginn var stefnda rétt að tilnefna löghæfan mann sem fulltrúa stefnanda, er hann kaus að hafast ekki frekar að um skipan gerðardómsins og störf.

Hvorki verður talið, að brotið hafi verið gegn jafnræði aðila við skipan gerðardómsins né meðferð gerðarmálsins. Þá þykir gerðardómurinn ekki hafa um starfshætti og úrlausnir farið út fyrir valdamörk sín eða umboð. Niðurstaða er rökstudd og forsendur eru ljósar.

Niðurstaða dóms þessa er sú, að gerðin, sem um er fjallað í málinu, sé ekki háð réttarfarslegum eða efnislegum annmörkum, sem varðað geti ógildingu hennar, og að þessi dómstóll sé ekki bær til að meta efnisatriði í niðurstöðu gerðardómsins.

Stefndi er samkvæmt framangreindu sýknaður af kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 80.000,00 kr.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981 og 4. mgr. 194. gr. sömu laga, ákveðst 15 dagar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Skipasmiðjunnar Harðar hf.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, 80.000,00 kr.

Aðfararfrestur er 15 dagar.
